

Mánudaginn 5. október 1981.

Nr. 48/1980. **Sjófang h/f**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Jökli h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Aðild. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóm kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, og sjó- og verslunardómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ægir Ólafsson kaupmaður.

Áfrýjandi skaut máli sínu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1979. Var málið þingfest í Hæstarétti 1. október s. á. Útivist varð í málinu 3. mars 1980, og var kveðinn upp í því útivistardómur sama dag. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju hinn 19. mars 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð þessi skjöl: Vottorð borgarfégetaembættisins í Reykjavík um eignarhald að fiskiskipinu Fram, RE 12, áður Bjarni Ásmundar, ÞH 320, ljósrit af Lögbirtingablaði með tilkynningu til hlutafélagaskrár varðandi Bás h/f frá 25. apríl 1978, ljósrit úr skipaskrá Siglingamálastofnunar, ljósrit af endurriti úr fógetabók og ljósrit af rekstrar- og efnahagsreikningi Báss h/f 1978.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og var honum þó löglega stefnt. Hér fyrir dómi reisir hann kröfu sína á aðildarskorti. Hann telur kröfum stefnda ranglega beint gegn sér, þar sem hann hafi ekki gert út fiskiskipið Bjarna Ásmundar,

heldur hafi eigandi þess, hlutafélagið Bás, gert það út á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Stefndi telur framkvæmdastjóra áfrýjanda, Jakob Sigurðsson, hafa sýnt það, er hann mætti í fógetarétti Reykjavíkur hinn 7. ágúst 1979 og benti á eignir áfrýjanda sem fjárnámsandlag, er aðför var gerð samkvæmt héraðsdómi, að rétt hafi verið stefnt í héraði.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda stafi af viðskiptum eigenda fiskiskipsins Bjarna Ásmundar við stefnda á árinu 1978, en úttekt skipsins hjá stefnda vegna veiðarfæra og ýmiss annars útlagðs kostnaðar hafi orðið meiri en aflainnlegg, svo sem nemur hinni dæmdu fjárhæð.

Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að fiskiskipið Bjarni Ásmundur, ÞH 320, var eign hlutafélagsins Báss frá 4. október 1976 til 15. janúar 1980.

Stefndi hefur eigi sannað, að áfrýjandi hafi verið ábyrgur fyrir útgerð skipsins á árinu 1978. Ábending framkvæmdastjóra áfrýjanda í fógetarétti Reykjavíkur á fjárnámsandlag til fullnustu héraðsdómi í máli þessu felur ekki í sér viðurkenningu á kröfu stefnda.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hafa engin gögn verið lögð fram fyrir því, að annar en eigandi fiskiskipsins Bjarna Ásmundar hafi gert það út á tímabili því, sem hin umdeildu lögskipti urðu á. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjófang h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jökuls h/f.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., er höfðað fyrir sjó-

og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. maí 1979, af Jökli h/f, Raufarhöfn, gegn Sjófangi h/f, Hólmsgötu 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.543.391 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 22. maí 1978 til 22. nóvember 1978 og með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22. nóvember 1978 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins. Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna vegna viðskipta stefnda við hann vegna m/b Bjarna Ásmundar, RE 12, en stefndi sé útgerðaraðili þess skips. Skuldin sé fyrst og fremst vegna veiðarfæra, sem skipið hafi fengið lánuð hjá stefnanda, en ekki skilað aftur, en einnig vegna ýmislegs kostnaðar, sem stefnandi hafi lagt út vegna skipsins og aflainnlegg þess hafi ekki hrokkið til að greiða. Um nánari sundurliðun skuldarinnar vísi stefnandi til meðfylgjandi ljósrits af reikningsyfirliti nr. 212 fyrir tímabilið 30. apríl 1978 til 30. nóvember s. á. um viðskipti m/b Bjarna Ásmundar, RE 12, við stefnanda. Auk þess vísi stefnandi til meðfylgjandi ljósrita af reikningum.

Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir stefnanda og lögmanns hans.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Veður þá eftir 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 191.400.

Dóminn kváðu upp Kristjana Jónsdóttir og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Stefndi, Sjófang h/f, greiði stefnanda, Jökli h/f, kr. 1.543.391 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 22. maí 1978 til 22. nóvember 1978, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 191.400 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.